

um önnur skip. Jafnframt er heimilt að ákveða að til 1. október 1996 geti úreldingarstyrkur vegna krókabáta numið að hámarki 80% af húftryggingarverðmæti. Á sama tímabili er Þróunarsjóði heimilt að kaupa krókabáta sem hafa verið úreltir. Getur sjóðurinn m.a. notað þá til þróunarverkefna erlendis.

Ef ákveðið verður að greiða úreldingarstyrki skv. 1. mgr. skal endurreikna styrki til þeirra krókabáta sem þegar hafa fengið greidda styrki til samræmis við hinar breyttu reglur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í lok 8. málsl. 8. mgr. 6. gr. laganna falla brott orðin „enda verði bátum ekki haldið til veiða á því veiðitímabili sem sóknardagar eru fluttir frá“.

2. gr.

Í stað orðanna „þess veiðitímabils sem sóknardagar eru fluttir frá“ í 11. málsl. 8. mgr. 6. gr. laganna kemur: þriðja veiðitímabils

3. gr.

Í stað orðanna „fiskveiðiársins 1996/1997“ í 12. málsl. 8. mgr. 6. gr. laganna kemur: fiskveiðiársins 1995/1996.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.